

REGLUGERÐ

fyrir sundlaugina að Leirá, Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

Eigendur sundlaugarinnar að Leirá eru:
Ungmennafélagið Haukur, Leirá- og Melasveit.
Hreppssjóður Leirá- og Melasveitar.
— Strandarhrepps.
— Skilmannahrepps.

2. gr.

Eignin er rekin sem sjálfseignarstofnun undir nafninu Leirárlaug.

3. gr.

Fimm manna sundlaugarnefnd annast rekstur eignarinnar.

4. gr.

Sundlaugarnefnd skal þannig skipuð:

Einn nefndarmanna frá Umf. Haukur, 2 tilnefndir af hreppsnefnd Leirá- og Melahrepps, 1 tilnefndur af hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps og 1 af hreppsnefnd Skilmannahrepps. Varamenn séu tilnefndir af sömu aðilum.

5. gr.

Starfstími nefndarmanna, annarra en fulltrúa ungmennafélagsins, sé til jafnlengdar kjörtímabili hreppsnefndanna. Ungmennafélagið hafi rétt til að skipta um nefndarmann árlega samkvæmt ákvörðun aðalfundar félagsins.

6. gr.

Formaður nefndarinnar sé sá nefndarmanna, sem Umf. Haukur tilnefnir. Að öðru leyti skiptir nefndin með sér störfum.

7. gr.

Sundlaugarnefndin er ábyrg fyrir rekstri laugarinnar gagnvart aðalfundi félagsins og viðkomandi hreppsnefndum.

Reikningsár eignarinnar er almanaksárið.

Skýrslu um rekstur og reikning skal nefndin árlega senda viðkomandi félögum og hreppsnefndum.

8. gr.

Hlutverk sundlaugarnefndar er:

1. Niðurröðun afnota af eigninni.
2. Ákveða afnotagjald af notkun eignarinnar.
3. Ráðning laugarvarðar.
4. Ákvarðanir um viðhald eignarinnar, nýbyggingar eða áhaldakaup.
5. Varðveita tekjur og annast greiðslur útgjalda.
6. Nægi árstekjur eigi til greiðslu rekstrar- og viðhaldskostnaðar, skal nefndin sjá um, að nægilegt fé fái með aðstoð eigenda. Rekstrarhalli eða kostnaður af framkvæmdum skiptist milli eigenda að jöfnu eftir að dregnir hafa verið frá styrkir frá sýslu- eða ríkissjóði.
7. Nefndin skal halda gerðabók.

9. gr.

Eignina má einvörðungu leigja til íþróttaiðkana, sýninga og móta. Forgöngu til leigu hafa skólanemendur hreppanna og félagar Umf. Hauks.

10. gr.

Ræsting, umgengni og viðhald sé samkvæmt fyrirmælum íþróttanefndar ríkisins um íþróttamannvirki.

11. gr.

Daglegt eftirlit sé í höndum laugarvarðar, sem sér um, að vel sé um sundstaðinn gengið, að ræsting sé í góðu lagi og í laug hreint og hæfilega heitt vatn.

12. gr.

Hætti félagið störfum eða hreppsnefndir afsali sér eignarrétti sínum, skulu eigendur koma saman til fundar til þess að ákveða áframhaldandi rekstur og gera tillögur um breytingar á reglugerð. Á slíkum eigendafundi eiga sæti stjórn félagsins og hreppsnefndir. Hver eigandi fer með 3 atkvæði.

Afl atkvæða sker úr málum. Náist eigi samkomulag, sker íþróttanefnd ríkisins úr.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 10. gr. íþróttalaga nr. 49/1956 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 31. ágúst 1964.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Margrétar Bjarnadóttur frá Ísafirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 4. september 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Margrétar Bjarnadóttur frá Ísafirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Margrétar Bjarnadóttur. Hann er stofnaður af vinum og vandamönnum Margrétar Bjarnadóttur, og er eign Barnaverndarfélags Ísafjarðar, en með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 17000.00 — sautján þúsund krónur — og má aldrei skerða höfuðstólinn. Fé sjóðsins skal ávaxtað hverju sinni á hæstu vöxtum í tryggri lánsstofnun.

3. gr.

Tekjur sjóðsins, auk vaxta, eru gjafir, framlög og áheit, er fyrirtæki, einstaklingar og félög láta af hendi rakna, en einnig getur stjórn sjóðsins aflað honum tekna. Skal allt slíkt fé lagt við höfuðstólinn.